

Fundur 1. ágúst 2006

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd haldinn á skrifstofu Reykhólahrepps, Maríutröð 5a, þann 1. ágúst 2006 kl. 10:00.

Mættir: Ingvar Samúelsson, Gústaf Jökull Ólafsson, Eygló Kristjánsdóttir, Rebekka Eiríksdóttir, Hilmar Þór Hafsteinsson, Óskar Steingrímsson reit fundargerð.

1. Kosning formanns. Gústaf Jökull kosinn formaður.
2. Kosning varaformanns, Ingvar Samúelsson kosinn varaformaður.
3. Fundargerð kennarafundar 25. júlí 2006 um tvær umsóknir um skólavist í Reykhólaskóla frá nemendum sem eiga ekki lögheimili í hreppnum. Þar sem nauðsynlegar upplýsingar um viðkomandi aðila liggja ekki fyrir var ákveðið að fresta ákvörðun og fela skólastjóra (Hilmari) að kalla eftir nauðsynlegum og fullnægjandi gögnum.

Önnur mál:

4. Tilboð í skólaakstur rædd og lagt til að gengið verði til samninga við lægstbjóðendur.
5. Tónlistarkennsla. Ákveðið að skoða möguleika á tónlistarkennslu í Reykhólaskóla. Sveitarstjóra falið að skoða möguleika á samstarfi við t.d. Dalabyggð.
6. Úttekt Slysavarnarfélagsins Landsbjargar á leiktækjum við Reykhólaskóla og leikskólann Hólabæ. Lagt fram plagg frá Landsbjörgu um ástandið. Búið er að bæta flest og unnið í því að klára rest varðandi athugasemdir við Reykhólaskóla. Varðandi Hólabæ voru menn sammála um að ganga í verkið og ljúka því eins flótt og mögulegt er. Foreldrafélagið hefur lýst sig reiðubúið til aðstoðar.

Rebekka vikur af fundi k. 12:25.

7. Fyrirspurn frá Landsbókasafni um hvort eitthvað væri verið að vinna í málinu varðandi bækur Flateyjarbókasafns sem liggja í geymslum þeirra. ákveðið að sækja bækurnar og koma þeim í geymslu á Reykhólum til að byrja með.

Fleira ekki bókað. Fundi slítið kl. 12:45.

Ingvar Samúelsson (sign), Gústaf Jökull Ólafsson (sign), Eygló Kristjánsdóttir (sign), Hilmar Þór Hafsteinsson (sign), Óskar Steingrímsson (sign).